

Flame ehf.
Ljósakri 6
210 Garðabær

Reykjavík, þriðjudagur, 2. júlí 2024
UST202405-057/B.B.B.
07.00

Niðurstaða eftirlits - Kröfur um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf stofnunarinnar, dagsett þann 7.5.2024 (hjálagt) þar sem tilkynnt var um eftirlit með snyrtivörum, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram í Bónus og voru tvær vörur frá vörumerkinu Lovaiceland valdar af handahófi. Ábyrgðaraðili varanna er Flame ehf.

Eftirfarandi vörur sem falla undir umfang eftirlitsins voru skoðaðar:

- C Vitamin Cream (50 mL)
- Vitamin C & E Facial Cleansing balm (50 mL)

Frávik frá reglugerð (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur er varða vöruna C Vitamin Cream:

1. Nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila vantar. Auk þess vantar upprunaland vörunnar en samkvæm upplýsingum ábyrgðaraðilans eru vörunnar framleiddar utan EES og þarf því að tilgreina landið, sbr. a) lið 1. mgr. 19. gr.
2. Röð innihaldsefna á umbúðum er ekki í samræmi við öryggisskýrslu, innihaldsefnin þurfa að koma fram í lækkandi röð eftir hlutfalli í vöru, sbr. g) lið 1. mgr. 19. gr.
3. Nokkur innihaldsefni eru ekki tilgreind á merkingumsamkvæmt INCI nafnakerfinu, en skylt er að hafa innihaldsefni samkvæmt því kerfi sbr. 33. gr.
4. Fullyrðing um lyfjavirkni þarf að fjarlægja af umbúðum eða setning „hefur einstaklega góð áhrif á psoriasis og exem“. Hér er verið að fullyrða um aðra eiginleika eða hlutverk en eiga við um snyrtivörur samkvæmt skilgreiningu a-liðar 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur, en slíkt er óheimilt skv. 20. gr. reglugerðarinnar.

Frávik frá reglugerð (EB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur er varða vöruna Vitamin C & E Facial Cleansing balm:

1. Nafn og heimilisfang ábyrgðaraðila vantar. Auk þess vantar upprunaland vörunnar en samkvæm upplýsingum ábyrgðaraðilans eru vörunnar framleiddar utan EES og þarf því að tilgreina landið, sbr. a) lið 1. mgr. 19. gr.
2. Röð innihaldsefna á umbúðum er ekki í samræmi við öryggisskýrslu, innihaldsefnin þurfa að koma fram í lækkandi röð eftir hlutfalli í vöru, sbr. g) lið 1. mgr. 19. gr.
3. Nokkur innihaldsefni eru ekki tilgreind á merkingum samkvæmt INCI nafnakerfinu, en skylt er að hafa innihaldsefni samkvæmt því kerfi sbr. 33. gr.

Umhverfisstofnun veitir Flame ehf. frest til 20.8.2024 til að senda stofnuninni mynd eða próförk af uppfærðum merkingum fyrir vöruna, sbr. eftirlitsskýrslu og í samræmi við reglugerð nr. 577/2013 um snyrtivörur og reglugerð (EB) nr. 1223/2009.

Jafnframt er gerð sú krafa að vörur á vörulager verði merktar með uppfærðri merkingu þegar hún liggur fyrir og hefur verið staðfest af Umhverfisstofnun.

Sendu skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is, merkt málsnúmerinu UST202405-057.

Umhverfisstofnun veitir Flame ehf. hér með frest til 10.7.2024 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 10.7.2024. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 10.7.2024.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um snyrtivörur, REACH og þrávirk lífræn efni má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, <https://ust.is/atvinnulif/efni/>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Bergdísar Bjarkar Bæringsdóttur, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið bergdis.bjork.baeringsdottir@umhverfisstofnun.is til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og eftirlitsverkefnið.

Virðingarfyllt

Bergdís Björk Bæringsdóttir,
sérfræðingur

Fífa Konráðsdóttir,
sérfræðingur

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla og bréf um tilkynningu eftirlits